

mundir þú blómsveigum binda minn stig,
svo bæri eg glaðari lund.—
Þá varstu blómleg og bliðan—hún skein
úr bláu augunum þín;
nú eru skinin og nakin þín bein,
en náhljóð í eyrum mér hvín.

Kyssti' eg þig systir, sá koss var ei fals,
því kærri mér öllu þú ert,
mér kærri' en hið kærasta ert.
Pótt fari' eg á stundum með kulda og kals
og kalt sé ïð ytra og hert
norðurbaungs ljósanna loftstraumum í
og lifandi íshafsins ság,
það innra er heitt, eins og ást sú er fri,
og aldrei þver,—það ein veizt þú.

Þróngsýnu guðir, er sköpum fá skift,
þið skynjið ei hjartnanna mál—
þið heyríð ei hjartnanna mál.
Trúið þið, glaðlyndur gæti eg lyft
til goðaranns smjáðrandi sál,
nær buðuð þér: Blíða sé bölvun þín þung
og bros þitt sé helstingur sár;
sú kærsta, sem átu, af koss þínum ung
kólni, unz hnígur hún nár?”—

Dimmi voru skýin og dæungaleg,
það dreif saman skaflana þétt,—
fönnin skófst þunglega' og þétt.
Sólin var horfin af sunnarveg.
Svalkalt kom haustið og grett;
þess brýr voru myrkar sem miðnættið,
er mælti það sorgblandinn óð.
En tár hnigu' af augunum við og við,
er vurðu að éljum á slóð.

Máni.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameriku; kemur út 12 sínum á ári og
koðar í 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, **553 Sargent Ave.**
Utnáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Ritstjóri sira Røgnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gisli Jónsson, 653 Young st. Winnipeg Man.